

Skólaráðsfundur 25.janúar 2024

Mætt: Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Jóhann Gunnar fulltrúi kennara, Hulda Hauksdóttir fulltrúi kennara, Særós Pálsdóttir fulltrúi starfsmanna, Henný Úlfarsdóttir fulltrúi foreldra, Vala Rún Vilhjálmisdóttir fulltrúi foreldra, Fjóla Osmani og Kristinn Einar fulltrúar nemenda. Hámundur Örn framkvæmdastjóri UMFN fulltrúi grenndarsamfélags boðaði forföll.

1. Fjóla og Kristinn fluttu skýrslu nemendaráðs fyrir skólaárið 2023-2024.
Fóru yfir þær upptakur sem þau hafa verið með, t.d. íþróttamót á föstudögum í hinum ýmsu íþróttum og fjölbreyttar keppnir á sal.
Aðrir viðburðir sem þau fóru líka yfir:
 - Öskudagur
 - bingó
 - spurningakeppnir milli nemenda og starfsmanna
 - Gettu enn betur milli bekkja og skóla
 - Opin hús fyrir öll stig
 - Nemendaráðsslútt
 - Tónlist á sal
 - Bumban
 - Skólapeysur seldur í ár og í fyrra
2. Ásgerður kynnti hugmyndir varðandi skólalóðina og þær framkvæmdir sem eru á næstu árum. Stýrihópur verið að vinna í 2 ár varðandi allar skólalóðir í Reykjanesbæ í samstarfi við Eflu verkfræðistofu. 60 milljónir settar fyrsta árið til að hanna lóðirnar. Síðan voru settar 60 milljónir aftur á næsta árinu, ekki 195 milljónir líkt og stóð til fyrst. Mikil umræða verið í gangi í bæjarstjórn og mikið talað um hættu t.d. hér í Njarðvíkurskóla.

Aðalatriðið er umferðaröryggi, hvernig keyrt er að skólanum og íþróttahúsinu eftir kennslu. Ásgerður lýst yfir óánægju með þær hugmyndir sem komu fyrst og verið unnið aftur og nýjar teikningar komnar. Verður farið á fund í febrúar 2024, sem verður síðasti athugasemdafundurinn áður en ákveðið hvernig þetta mun líta endanlega út.
3. Fjárhagsáætlun 2024. Aðhaldsaðgerðir áfram. Heildaráætlun 858 milljónir fyrir Njarðvíkurskóla 259 milljónir fyrir Ösp, hækkunin er bara fyrir launaliðin.
Það sem hefur verið gert hefur ekki verið í þessum áætlunum, það er að segja smíðastofa og það sem hefur verið unnið vegna myglumála og fleira. Norðurendinn, víti, hjúkrunarherbergi og fleiri eru enn eftir, á eftir að fara á norðurgaflinn í sumar og sjá hvað er þar undir klæðningu. Á að klára að klæða skólann að utan í sumar, sem var ekki gert í fyrra, það er stærsta verkefnið sem liggur fyrir.

4. Önnur mál:

- a. Ásgerður ræddi um starfslok sín næstkomandi vor. Verður auglýst á næstu dögum. Hilma Hólmfríður, sem komst ekki á fund, vildi að tekið yrði fyrir á fundi þakkir að Ásgerður hefði látið foreldra vita formlega með tölvupósti.
- b. Hilma Hólmfríður, sem komst ekki á fund, vildi ræða um veikindi og forföll sem hafa verið á síðustu vikum. Ásgerður upplýsti að það er lítið af fólki á forfallaskrá og því þetta verið óvanalega slæmt. Yngri bekkir eru látnir ganga fyrir og þess vegna verið meiri forföll hjá eldri bekkjum.
- c. Næsti fundur er 22.febrúar. Þá verður skóladagatalið á dagskrá.

Fundarritari: Jóhann Gunnar Sigmarsson, kennari Njarðvíkurskóla